

Málstofa C – Myndun þjónustusvæða.

Stjórnandi: Soffía Lárusdóttir.

Ritari: Anna Guðrún Björnsdóttir.

Sigurður Helgason ráðgjafi flutti inngang. Hugmyndir um þjónustusvæði eru grundvallaðar á því að notendur þjónustunnar og stofnanir dreifast ekki jafnt milli sveitarfélaga og jöfnunaraðgerðir á grundvelli núgildandi sveitarfélagaskipunar yrðu því flóknar. Einnig krefst sérhæfð þjónusta þess að ákveðinn íbúafjöldi standi á bak við hana. Hæfileg stærð þjónustusvæðis tryggir ekki aðeins fjárhagslegan styrkleika heldur einnig möguleika á að fjölbreytt sérfræðipekking verði til staðar sem eykur öryggi og viðbúnað. Miðað er við að þjónustusvæði hafi að lágmarki um átta þúsund íbúa.

Sveitarfélög hafa forræði um myndun þjónustusvæða og móta þau með samkomulagi sínu á milli. Á nokkrum stöðum þurfa landfræðilegar aðstæður að ráða. Hugsanlega er hægt að hafa hliðsjón af félagsþjónustusvæðum sem eru færri en sveitarfélög. Ráðherra getur veitt undanþágu á grundvelli landfræðilegra aðstæðna. Einnig getur ráðherra tekið ákvarðanir um mörk náist ekki samkomulag.

Þjónustusvæði þarf ekki að vera á formi byggðasamlags, önnur samstarfsform koma til greina.

Hægt er að vera með ólík rekstrarform við framkvæmd mismunandi þjónustupátta.

Ýmsir möguleikar eru við tekjutilfærslu og jöfnunaraðgerðir. Hugsanlegt er að semja um tekjutilflutning milli sveitarfélaga ef eitt sveitarfélag tekur að sér að veita þjónustu fyrir önnur. Einnig má hugsa sér sameiginlegan pott sem sveitarfélög greiða til sem síðan er skipt á grundvelli ákveðinna skilgreininga.

Sveitarfélög þurfa að fara að huga að myndun þjónustusvæða, til dæmis skipa samráðshópa. Hægt er að leita til verkefnisstjórnar um aðstoð.

Hvaða verkefni geta sveitarfélög leyst hvert fyrir sig og hvaða verkefni þurfa sveitarfélög að leysa með samstarfi?

Umræður beindust að því að almenn þjónusta þurfi að vera hendi innan hvers sveitarfélags en sérhæfð þjónusta verði miðlæg. Skoða þurfi vel hvernig á að greina á milli þjónustupátta að þessu leyti. Jafnframt þarf að gæta þess að mynda ekki ný grá svæði innan þjónustusvæðanna.

Skammtíavistun er dæmi um þjónustu sem sveitarfélög þyrftu að sameinast um svo og ýmiss mjög sérhæfð þjónusta og ráðning fólks með sérfræðipekkingu vegna hennar. Hreyfanleiki og ný hugsun í framkvæmd þjónustunnar er mikilvæg.

Stærð þjónustusvæða?

Skiptar skoðanir komu fram. Þær raddir heyrðust að mikilvægt sé að taka tillit til mismunandi landfræðilega aðstæðna og mismunandi tekjugrundvallar sveitarfélaga.

Hins vegar kom líka fram að sveitarfélög verði að hafa í huga að það er verið að flytja þjónustuna til frambúðar og þess vegna getur verið heppilegra fyrir þau að miða við fjölmennari svæði því aðstæður geta breyst, sbr. þá staðreynd að á Hornafirði eru nú allir þjónustupegarnir búsettir á Höfn og ef haldið verður áfram að miða við sama þjónustusvæði getur sveitarfélagið átt erfitt með að standa undir þjónustunni ef þjónustupegum fjölga og þeir dreifast meira.

Jafnframt kom fram að sveitarfélög verði að fá tækifæri til að skoða hvaða stærð sé heppileg. Mikilvægt að menn slíti sig burt frá gömlu kjördæmahugsuninni, hætta að einblína á stjórnsýsluumdæmi. Taka má líka mið af félagsþjónustusvæðum, dreifingu notenda, að mannafl sé til að standa til að sinna þjónustunni, svo og samgöngum.

Umdæmi landshlutasamtaka gætu verið heppileg viðmiðun, reynsla af samstarfi er þar fyrir hendi, en einnig þarf að varast að einblína um of á kjördæmaskiptinguna. Útgangspunkturinn þarf að vera að fólk fái þjónustu þar sem það býr. Þetta á að vera nærþjónusta. Leggja aðgengið til grundvallar og aðlaga þjónustutilboð að því.

Hvernig er hægt að standa að myndun þjónustusvæða og hvaða samstarfsform þjónustusvæða hentar best? Veikleikar og styrkleikar mismunandi samstarfsforma?

Sveitarfélög hafa forræði á myndun þjónustusvæða en fyrirsjáanlegt er að þau þurfi á leiðsögn að halda frá verkefnisstjórninni. Þurfa að fara að hefjast handa um undirbúning.

Sjá þarf til þess að ekki myndist afgangssvæði, þ.e. að stór sveitarfélög velji að vera ein um þjónustuna en minni nágrannar sitji hjá.

Nýta þarf reynslu þeirra sveitarfélaga sem hafa þegar tekið að sér þjónustuna samkvæmt þjónustusamningum. Bent var á að Norðurland vestra er með aðrar áherslur í þjónustunni en til dæmis Akureyri. Finna þarf fyrirkomulag sem bætir upp lýðræðishalla ef eitt sveitarfélag tekur að sér að sjá um þjónustu fyrir önnur sveitarfélög, sbr. Eyjafjarðarsvæðið.

Megum ekki festa okkur í þeirri þjónustusvæðaskipan sem er í dag – nýta tækifærið til að hugsa þjónustuna upp á nýtt. Huga þarf að samþættingu við þjónustu við aldraða.

Byggðasamlög eru ekki endilega rétta formið.

Hvernig er hægt að efla félagsþjónustu í dreifbýli og fjölkjarna sveitarfélögum?

Klæðskerasníða lausnir. Innleiða þarf nýja hugsun og virkja hugmyndaauð.

Reka þjónustuna sem nærþjónustu. Marmiðið með tilfærslunni er að efla nærþjónustuna, forðast að breytingin leiði eingöngu til þess að búin er til ný „fjarþjónusta“. Blóðpeningar sem fara í akstur með þjónustuþega, byggja fremur á hreyfanlegri fagþjónustu.

Viðbótaáherslur

Verkefnaflutningur þarf að fela í sér ráð gegn „vistaböndum“. Flutningur fjármagns með notendum.

Tilflutningur málaflokks fyrir fólkið, frá notendum til borgara.

Hvernig verður fjármagnstilflutningur innan þjónustusvæða?

Munu sveitarfélög fá tekjur hvert til sín og greiða því sveitarfélagi sem annast þjónustuna?

Munu sveitarfélögin greiða í sameiginlegan pott eftir ákveðnum skilgreiningum og sá pottur standa undir allri þjónustu, burtséð frá í hvaða sveitarfélagi notandi býr?

Alls tóku 32 einstaklingar þátt í málstofunni.